

Fundur í Fagdeild (Leiðsagnar) 2. september 2020.

Viðstaddir: Jens Ruminyjens, Jónas Sigurðsson, Kristín Waage, Steinunn Harðardóttir og Vilborg Anna Björnsdóttir

Í upphafi fundar var rætt hvert væri hlutverk Fagdeildar innan Leiðsagnar og hverjar hugmyndir okkar um það væru og hvað við vildum að væri hlutverk deildarinnar. Fram komu ýmsar hugmyndir, sem þarfnast nánari úrvinnslu, og verður það verkefni næstu funda að gera það.

Eftirfarandi eru stuttir punktar um hugmyndir, sem fram komu.

1. Viljum við vinna að *stefnumótun* Fagdeildar?
2. Viljum við vinna með skólum þar sem leiðsöguenn öðlast menntun sína?
3. *Félagsskrá Fagdeildar* er ekki sýnileg á heimasíðu Leiðsagnar og er það af persónuverndarlegum ástæðum. Til að hægt sé að hafa slíka skrá á heimasíðu þurfa viðkomandi félagsmenn að veita samþykki hver fyrir sig. Lengi hefur verið í bígerð að stofna heimasíðu fyrir félagsmenn þar sem þeir geta veitt samþykki og jafnframt gefið einhverjar stuttar upplýsingar um sig.
  - a. Finnst okkur að það sé mikilvægt að slík skrá sé til staðar?
  - b. Viljum við veita fyrirtækjum aðgang að henni?
  - c. Viljum við að Fagdeildin veiti fé í það að búa til félagsskrá?
4. *Leiðsögumenn* eru *lítt sýnilegir* í samfélaginu. Hvernig getum við haldið á lofti að það séu til menntaðir leiðsögumenn?
  - a. Á að hafa samband við ritnefnd um greinarskrif?
  - b. Á að reyna skipulega að koma fólki í viðtal, t.d. í blöðum eða útvarpi/sjónvarpi?
  - c. Hver er hæfilegt tíðni slíkra viðtala svo þau verði ekki um of?
  - d. Félagið verður 50 ára eftir 2 ár. Hvernig viljum við að þess sé minnst? Gefa út bók eða eitthvað annað. Viljum við að Fagdeild komi að því?
  - e. Hafa frumkvæði að því að koma á sambandi við SAF og vera þátttakandi í stefnumótun með þeim varðandi menntun þeirra, sem sinna ferðaþjónustu. Hvar koma leiðsögumenn inn í menntunarkerfi SAF?
  - f. Fyrir hvað eru félagsmenn Fagdeildar að borga með ársgjaldi sínu?

Fleira var ekki rætt að þessu sinni og var boðað til næsta fundar fimmtudaginn 17. 17. septeber kl. 11:30. Fundarstaður verður skrifstofa Leiðsagnar, Stórhöfða